

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

5. fundur stjórnar starfstímabilið 2015-2017

Haldinn 28. janúar 2016 í skrifstofu 1. hæð Íþróttahúsínu við Strandgötu.

Mættir: Elísabet Ólafsdóttir framkv.stj., Hrafnkell Marinósson formaður, Magnús Gunnarsson (Haukar), Karl Georg Klein (SH), Ólafur Ragnarsson (Fjörður), Haukur J. Eiríksson (DÍH), Viðar Halldórsson (FH), Ragnar Hilmarsson (Þytur), Þórarinn Sófússon (GSE), Þórunn Ansnes (Sörli), Erla Björg Hafsteinsdóttir (BH), Anders Már Þráinsson (SÍH), Ingvar Kristinsson (Björk) og Bergsteinn Hjörleifsson (Keilir). Forföll: Sigurður Gunnar Sigurðsson (AÍH), Atli Már Sigurðsson (DÍH) og Sigurjón Andersen (KK).

Dagskrá:

1. **Kynning á Járnmanni – þríþrautarmóti sumarið 2016**

Gylfi Örn Gylfason formaður þríþrautardeildar SH kynnti þróun þríþrautarmóta í Hafnarfirði frá 2010. Árið 2015 var mótið fært meira niður í miðbæ Hafnarfjarðar. Í ár verður mótið haldið 3. júlí nk.

2. **Sérstakur sjóður sem styður við þátttöku erlendra barna í íþrótt- og tómstundastarf**

Félögin eru hvött til að koma upplýsingum um sjóðinn til stjórnarmanna og annara innan félaganna sem koma að skráningu og innheimtu æfingagjalda barna og sækja um ef þörf er á því. Vakin er athygli á nýjum verkefnisstjóra Heru Hallberu Björnsdóttur og netfangi hennar herah@hafnarfjordur.is. Nýr verkefnisstjóri og skrifstofa ÍBH geta veitt allar nánari upplýsingar um sjóðinn.

3. **Skipa nefnd til að endurskoða tímaúthlutunarreglur ÍBH**

Samþykkt að fulltrúar eftirtalinna félaga í stjórn ÍBH skipi nefndina, frá Fimleikafélaginu Björk, Knattspyrnufélaginu Haukum, Fimleikafélagi Hafnarfjarðar, Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar, Badmintonfélagi Hafnarfjarðar og Íþróttafélaginu Firði.

4. **Nýjar reglur um niðurgreiðslur frá áramótum 2016**

Nýjar reglur hafa verið sendar til aðildarfélaga ÍBH og eru á heimasíðu ÍBH. Breytingin í nýjum reglum felst í því að Hafnarfirðingar geta frá 1. janúar 2016 notað niðurgreiðsluna/frístundastyrkinn í öðrum sveitarfélögum. Áætlað er að viðbótarkostnaður Hafnarfjarðarbæjar við breytinguna verði 2-3 milljónir á ári. Stjórn ÍBH hvetur Hafnarfjarðabæ til þess að hækka niðurgreiðslualdurinn upp í 18 ára og hækka upphæðir frístundastyrksins.

5. **Starfsskýrsluskil í Felix námskeið**

Minnt á starfsskýrsluskilin í Felix 15. apríl nk. Umræður um Felixkerfið, handbókina og námskeið. Skrifstofu ÍBH falið að taka saman fjölda einstaklinga frá aðildarfélögum sem vilja og þurfa að fara á námskeið.

6. **Endurskoðun rekstrarsamninga íþróttafélaga við Hafnarfjarðarbæ**

Búið er að samþykkja og undirrita samninga við Fimleikafélagið Björk og Golfklúbbinn Setberg. Viðræður eru í gangi við Knattspyrnufélagið

Hauka, Fimleikafélag Hafnarfjarðar, Golfklúbbinn Keili, Hestamannafélagið Sörla, Sundfélag Hafnarfjarðar, Badmintonfélag Hafnarfjarðar og Siglingaklúbbinn Þyt. Viðræður eru ekki hafnar við önnur félög. Fulltrúar félaganna greindu frá stöðu viðræðna við sitt félag. Þórarinn Karl Sófússon fulltrúi Golfklúbbsins Setbergs las upp eftirfarandi minnisblað á fundinum. „Ágætu stjórnarmenn Íþróttabandalags Hafnarfjarðar. Núna liggur fyrir að Golfklúbburinn Setberg mun missa aðstöðu sína á Setbergsvelli á næstu árum. Nýir eigendur landsins áætla að klúbburinn geti haldið áfram með starfsemi sína á landinu næstu þrjú til fimm árin. Vegna þessa þarf klúbburinn að verða sér úti um nýja aðstöðu fyrir starfsemina. Við höfum rætt við Hafnarfjörð um að klúbburinn komi að uppbyggingu golfvallar við Hamranes en á því svæði er gert ráð fyrir golfvelli ásamt annari aðstöðu fyrir íþróttatengda starfsemi. Bæjaryfirvöld óskuðu eftir því að fá formlega umsókn frá klúbbum. Klúbburinn vinnur nú að þeirri umsókn en vill gera það í samráði við önnur íþróttafélög í Hafnarfirði. Á næstu misserum hefst uppbygging íbúðabyggðar í Skarðshlíð og mætti í tengslum við þá uppbyggingu nýta uppgröft til þess að móta brautir á nýjum golfvelli og undirlag undir starfsemi annarra íþróttafélaga s.s. hjólastíga fyrir hjólreiðafélag, fleiri æfingavelli o.s.frv. Mætti spara töluverða fjármuni með þessu. Við sjáum fyrir okkur að félagsaðstaða á svæðinu geti verið sameiginleg með fleiri íþróttafélögum.

Eins og að framan greinir þá þarf klúbburinn að vinna hratt til þess að vera klár með nýja aðstöðu innan þriggja til fimm ára. Hugmyndin er að byrjað verði á níu holu velli en klárað yrði að hanna allt svæðið áður en byrjað yrði á framkvæmdum. Klúbburinn mun klára umsókn til bæjaryfirvalda í Hafnarfirði á næstu dögum. Ef önnur íþróttafélög innan ÍBH vilja koma að umsókninni þá myndi það að okkar mati styrkja umsóknina. Það liggur fyrir að við munum óska eftir samstarfi við Golfklúbbinn Keili um uppbygginguna á velinum og rekstur og umhirðu á svæðinu til framtíðar.“

7. Endurskoðun þjónustusamnings íþróttafélaga við Hafnarfjarðarbæ Drög frá Hafnarfjarðarbæ frá 4. janúar sl lögð fram til kynningar.

8. Gögn sem ÍBH hefur borist:

- a). Þingboð frá KSÍ á 70. ársþing KSÍ laugardaginn 13. febrúar nk. á Hilton Nordica Reykjavík.
- b). Bréf frá ÍSÍ um vorfjarnám 1. og 2. stigs í þjálfaramenntun ÍSÍ mánudaginn 8. febrúar nk.
- c). Bréf frá ÍSÍ um ráðstefnu um afreksíþróttir í tengslum við Reykjavíkurlaikana 21. janúar 2016 í Háskólanum í Reykjavík.
- d). Bréf frá Karatesambandi Íslands um karateþing laugardaginn 27. febrúar nk í E fundarsal ÍSÍ Laugardal Reykjavík.

- e). Fréttabréf Félags áhugafólks um íþróttir aldraðra janúar 2016.
- f). Bréf frá Siglingasambandi Íslands um siglingaþing laugardaginn 20. febrúar nk í Íþróttamiðstöðinni Laugardal Reykjavík.

9. Önnur mál

- a). EÓ sagði frá úthlutun afreksstyrkja úr Afreksmannasjóði ÍBH sem fer fram miðvikudaginn 3. febrúar nk kl. 12.00 og er stjórn ÍBH boðið á athöfnina.
- b). EÓ greindi frá því að á stjórnarfundum Afreksmannasjóðs ÍBH þriðjudaginn 26. janúar sl hafi verið rætt um að gera þurfi breytingar á reglugerð Afreksmannasjóðs ÍBH í þá veru að greiða afreksstyrki sem fyrst til íþróttafélaga/íþróttamanna. Framkvæmdastjóri ÍBH tekur saman breytingartillögur á reglugerðinni sem verða lagðar fyrir stjórn ÍBH á næsta stjórnarfundum og stjórn Afreksmannasjóðs ÍBH.

Fleira ekki gert.

Fundur hófst kl. 18.00 og lauk kl. 19.15.

Fundarritari Elísabet Ólafsdóttir.